

Umhverfisstofnun
Áb. SÍ ABG GSA
03. nov. 2014
8.12.1
Tilv. USL 2014 0300231

LANDSSAMBAND VEIÐIFÉLAGA

Bændahöllinni v/Hagatorg • 107 Reykjavík
Sími 563 0300 • www.angling.is • angling@angling.is



Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík 29. október 2014

Efni: Athugasemdir Landssambands veiðifélaga við starfsleyfistillögur.

Landssamband veiðifélaga hefur mótttekið bréf Umhverfisstofnunar frá 10. október sl., þar sem fjallað er um athugasemdir Landssambandsins vegna fyrirliggjandi umsókna um starfsleyfi til eldis á regnbogasilungi.

Til viðbótar þeim athugasemdum sem gerðar voru hinn 6. október s.l. vill Landssambandið benda á eftifarandi ákvæði sem nú er að finna í breyttum lögum um fiskeldi nr. 71/2008.

Í 8. gr. laganna er ákvæði um að gert skuli burðarþolsmat fyrir sjókvíaeldissvæði sem afmarkað er í lögnum. Í 3. gr. sömu laga er þetta skýrt nánar og á hvaða lögum slíkt burðarþolsmat byggir með svofelldu ákvæði:

Mat á þoli fjarða eða afmarkaðra hafsvæða til að taka á móti auknu lífrænu álagi án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið og þannig að viðkomandi vatnshlot uppfylli umhverfismarkmið sem sett eru fyrir það samkvæmt lögum nr. 36/2011, um stjórн vatnamála. Hluti burðarþolsmats er að meta óæskileg staðbundin áhrif af eldisstarfsemi.

Af lögnum um stjórн vatnamála verður aðeins ráðið að framkvæmd burðarþolsmats á undir stjórnsýslu Umhversistofnunar, hinnar sömu stofnunar og gefur út starfsleyfi lögum samkvæmt.

Landssambandið telur ljóst af framansögðu að Umhverfistofnun ber að framkvæma burðarþolsmat á þeim svæðum sem sótt er um starfsleyfi til sjókvíaeldis áður en starfsleyfi er gefið út, enda tekur burðarþolsmatið til þeirra þátta, þ.e. staðbuninna áhrifa af eldisstarfseminni sem starfsleyfið byggir á.

Landssambandið telur því alfarið andstætt þeim lögum sem vísað er í með breytingum á lögum um fiskeldi, að útgáfa starfsleyfis fari fram áður en burðarþolsmat hefur farið fram, ásamt því að fyrir liggi mat á óæskilegum staðbundnum áhrifum af eldisstarfseminni á því sjókvíaeldissvæði sem sótt er um starfsleyfi á.

Virðingarfyllst
f.h. Landssambands veiðifélaga

Óðinn Sigþórsson, formaður